

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, A-áfanga, Goðanes 12.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. september 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Krossaneshaga, A-áfanga vegna Goðanes 12.

Breytingin felur m.a. í sér að byggingarreitur lóðar nr. 12 við Goðanes stækkar úr 2.726 m² í 7.400 m² og heimilt verður að reisa þrjú hús innan hans. Hámarksvegg hæð verður 6 m og hámarks hæð 9 m.

Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis, Margrétarhagi 3 og 5.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. október 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Margrétarhaga 3 og 5.

Breytingin felur m.a. í sér að á lóðum nr. 3 og 5 við Margrétarhaga verði heimilt að byggja tvö parhús í stað tveggja einbýlishúsa.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 23. október 2017,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2017